

WebQuest

Lausnaleyrit

DISCOVER 
& EMPOWER



Co-funded by
the European Union

Funded by the European Union. Views and opinions expressed are however those of the author(s) only and do not necessarily reflect those of the European Union or the National Agency. Neither the European Union nor National Agency can be held responsible for them. Project Number: 2023-1-LT01-KA220-ADU-000156443

Færniþáttur: Lausnaleit

Inngangur

Við mætum áskorunum á hverjum degi – allt frá smávægilegum vandamálum til flókinna ákvarðana sem móta framtíð okkar. Lausnaleit er lykilhæfni til að takast á við slíkar aðstæður, bæði í einkalífi og starfi.

Í þessari vefkönnun kynnist þú mismunandi aðferðum við lausnaleit, lærir að brjóta niður flókin verkefni og prófar að beita hagnýtum lausnum í raunverulegum aðstæðum. Þú skoðar eigin nálgun við að leysa vandamál, metur áhrif hennar á ákvarðanatöku og mótar þitt eigið verkfærasafn sem styrkir þig til að sigrast á hindrunum.

Að verkefninu loknu munt þú hafa öðlast dýpri skilning og bætтар aðferðir til að nýta lausnaleit í átt að persónulegum og faglegum markmiðum.

Markmið verkefnis

1. Kynnast skrefum árangursríkrar lausnaleitar og mismunandi nálgunum
2. Æfa lausnaleit í raunhæfum aðstæðum og endurmeta eigin ferli
3. Sjálfsmat – kortleggja styrkleika og vaxtarsvæði í eigin vinnubrögðum
4. Bera saman mismunandi aðferðir frá ólíkum fagsviðum
5. Búa til verkfærasafn til að efla eigin hæfni í lausnaleit

Þú kynnir niðurstöðurnar þínar í formi dagbókar, myndrænnar samantektar eða stuttrar kynningar.

Ferli

Skref 1: Skilningur á lausnaleit

Horfðu á fræðslumyndband eða lestu grein um sex skref lausnaleitar, t.d.:

1. Skilgreina vandamál
2. Finna mögulegar lausnir
3. Meta kosti og galla
4. Innleiða lausn

5. Fylgjast með árangri
6. Endurmeta ferlið

Skoðaðu hvernig lausnaleit nýtist bæði í einkalífi og starfi.

Spurning til ígrundunar:

Af hverju er lausnaleit talin lykilhæfni til að ná árangri í starfi?

Heimild:

- [The Problem-Solving Process](#)
- [Problem Solving at Work](#)

Skref 2: Finndu út hvernig þú leysir verkefni og áskoranir

Verkefni:

Gerðu stutt sjálfsmat og sjáðu hvernig þú nálgast lausnir – ertu rökrænn, skapandi eða vinnur þú best með öðrum?

Hugsaðu um í hverju þú ert sterk(ur) og hvað þú gætir viljað bæta.

Dæmi um spurningu:

„Þegar ég stend frammi fyrir áskorun – skipulegg ég mig vel áður en ég byrja eða fylgi ég innsæinu?“

Hugleiðing:

Skrifaðu nokkrar línur um hvernig þú leysir verkefni.

Hvenær hefur þessi aðferð virkað vel? Og hefur komið upp að hún hentaði ekki alveg?

Heimild

- [Problem-Solving Style Quiz](#)

Skref 3: Lausnaleit í raunverulegum aðstæðum

Æfing:

Hér færðu þrjár raunhæfar áskoranir sem gætu komið upp í námi eða starfi. Hugleiddu hvernig þú myndir takast á við þær og æfðu þig í að finna hagnýtar lausnir:

◆ **Áksourn 1:** Þú ert í hópverkefni, en tveir í hópnum leggja lítið til. Hvernig myndir þú bregðast við til að verkefnið gangi upp?

- ◆ **Áskorun 2:** Þú færð tækifæri til að velja á milli tveggja starfa – annað samræmist þínum gildum en er lægra launað, hitt borgar betur en veitir þér minni starfsánægju. Hvað gerirðu?
- ◆ **Áskorun 3:** Þú stendur frammi fyrir miklu álagi og tíminn er naumur. Hvernig myndir þú forgangsraða verkefnum?

Verkefni:

Fyrir hverja áskorun:

- Hver er helsta áskorunin?
- Hvaða lausnir koma til greina?
- Hvaða lausn myndir þú velja – og hvers vegna?

Skref 4: Berðu saman mismunandi leiðir við lausnaleit

Upplýsingaöflun:

Skoðaðu hvernig ólík fagsvið, til dæmis viðskipti, heilbrigðisþjónusta og tæknigreinar, nálgast lausnaleit.

- Hvaða aðferðir eru algengar á milli sviða?
- Hvernig má nýta þessar aðferðir í þínu starfi eða daglega lífi?

Verkefni:

Gerðu einfalda töflu þar sem þú berð saman aðferðirnar:

- Hverjir eru helstu styrkleikar hvernar aðferðar?
- Hvaða veikleikar gætu komið upp?

Þannig færðu betri yfirsýn yfir ólíkar nálganir og getur valið þær sem nýtast þér best.

Heimild:

- [Problem Solving Across Industries](#)

Skref 5: Hannaðu þína eigin verkfærakistu til að leysa verkefni

Lokaáskorun:

Búðu til þína eigin verkfærakistu til að styrkja hæfni þína í að leysa verkefni. Þú getur byggt hana á þekkingu og innsýn sem þú hefur aflað þér í gegnum vefkönnunina. Í kistunni má finna:

- Þína helstu styrkleika og leiðir sem henta þér vel við lausn verkefna
- Skref sem nýtast við að leysa verkefni á markvissan hátt
- Hagnýtar leiðir til að vinna með áskoranir og leysa úr þeim á skilvirkan hátt
- Raunhæfa áætlun um hvernig þú getur nýtt þessa færni í daglegu lífi og starfi

Kynntu verkfærakistuna á þann hátt sem hentar þér best – t.d. með dagbókarfærslu, myndrænni samantekt (infographic) eða stutta kynningu.

Mat

1. Þú verður metin(n) út frá eftirfarandi þáttum:
2. **Skilningur:** Hversu vel þú hefur tileinkað þér aðferðir við lausnaleit og getur útskýrt þær skýrt
Beiting: Hversu frumlegar og hagnýtar lausnir þú leggur fram í verkefnum
Endurmat: Hversu vel þú metur eigin nálgun og finnur tækifæri til þróunar
Verkfærakista: Hversu vel uppsett, markviss og hagnýt lokaniðurstaðan er
- 3.

Niðurlag

Til hamingju með að hafa lokið við vefkönnunina um lausnaleit! Þú hefur æft þig í mikilvægu færniþáttum sem nýtast við að takast á við áskoranir, tengt við raunverulegar aðstæður og mótað þitt eigið verkfærerasafn til að styðja þig við ákvarðanatöku í framtíðinni. Mundu að hvert vandamál er tækifæri til að læra, vaxa og efla hæfni þína.

Spurningar til endurmats

- Hvernig hefur þessi vefkönnun haft áhrif á hvernig þú bregst við áskorunum?
- Hvaða aðferðir ætlar þú að tileinka þér í daglegu lífi eða starfi?

DISCOVER
& EMPOWER



Co-funded by
the European Union

Funded by the European Union. Views and opinions expressed are however those of the author(s) only and do not necessarily reflect those of the European Union or the National Agency. Neither the European Union nor National Agency can be held responsible for them. Project Number: 2023-1-LT01-KA220-ADU-000156443